



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Stjórnlagaráð
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2011

1104019SA KB
Málalykill: 320

Efni: Endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. apríl 2011, var rætt um mögulegar áherslur af hálfu sambandsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Niðurstaða umræðu var svohljóðandi:

„Samþykkt var að vekja athygli stjórnlagaráðs, sem fjallar um stjórnarskrána og endurbætur á henni, á nokkrum þáttum í stefnumörkun sambandsins 2011-2014 þar sem fjallað er um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga.

Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að kanna hvort hægt sé að efna til málstofu í tengslum við næsta stjórnarfund t.d. í samstarfi við Háskóla Íslands um sveitarfélögin og stjórnarskrána.“

Á sama stjórnarfundinu voru til endanlegrar afgreiðslu tillögur að stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga, en umræður um þær hafa farið fram á undanförunum tveimur landsþingum sambandsins. Helstu þættir þeirrar stefnumörkunar sem lúta að sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga og stjórnskipulegri stöðu þeirra eru þessir:

- 1.1.1. Sjálfstjórn sveitarfélaga skal viðurkennd og tryggð í reynd á grundvelli ákvæða í landslögum, stjórnarskrá og sáttmála Evrópuráðsins um sjálfstjórn sveitarfélaga.
- 1.1.2. Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem ávallt skal virða.
- 1.2.1. Sveitarfélögum skulu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölþættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir.
- 1.2.2. Skattlagning af hálfu sveitarfélaga skal vera hófleg og byggja á því að ábyrgðar og hagkvæmni sé gætt við framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar.
- 1.2.3. Nýta skal jöfnunarkerfi til að gera öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti.
- 1.3.1. Verkaskipting í opinberri stjórnsýslu skal miðast við að sveitarfélögin annast nærþjónustu enda geti þau nýtt sér þá þekkingu sem þau hafa á nærsamfélaginu með tilheyrandi möguleikum á sveigjanlegum lausnum við framkvæmd þjónustunnar.



- 1.3.2. Lögð skal áhersla á að haft verði fullt samráð við sveitarfélögin um lagabreytingar á skipulagi almannaþjónustu, sem þeim er falin framkvæmd á með lögum.
- 1.3.3. Sú meginregla skal viðurkennd að kveðið sé á um verkefni sveitarfélaga í ramma- og markmiðslögum þannig að þau hafi svigrúm til staðbundinnar aðlögunar við framkvæmd þeirra.
- 1.4.3. Íbúar sveitarfélaga eigi kost á samfelldri og heildstæðri velferðarþjónustu sem skipulögð er með þarfir íbúanna í huga.
- 3.5.1. Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins við endurskoðun stjórnarskrárinnar.
- 3.5.2. Sambandið skal vinna að því að tryggð verði réttarfarsleg úrræði við brot á sjálfstjórnarrétti sveitarfélaga.

Rétt þykir að taka fram til frekari skýringa að síðasti áherslupunkturinn er í samræmi við 11. gr. Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og ábendingu í skýrslu Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins í skýrslu frá 2010 um stöðu íslenskra sveitarstjórnarstigsins en þar segir m.a.: „The Icelandic authorities are urged to introduce appropriate legislation to give local authorities a right of appeal against decisions taken at national level which might infringe principles of local self-government.“

Þess er vinsamlega óskað að ofangreindar áherslur hljóti umfjöllun í þeirri nefnd stjórnlagaráðs sem fjallar um málefni sveitarfélaga. Fulltrúar sambandsins eru reiðubúnir að koma til fundar við nefndina, gera þar frekari grein fyrir erindi þessu og svara spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögræði- og velferðarsviðs